

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. gr.

Stöðvunarskylda verði á Bröttubrekku gagnvart Álfhólsvegi.

2. gr.

Stöðubann verði á vesturkanti tengivegar milli Valahjalla og Engihjalla.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 20. mars 1991.

Ásgeir Pétursson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á eftirtöldum götum:

1. Frostaskjólí og Flyðrugranda við Kaplaskjólsvæg.
2. Víðimel, Reynimel, Grenimel og Melhaga við Furumel.
3. Grandavegi við Meistaravelli.
4. Álagranda, Framnesvegi og Aflagranda við Grandaveg.
5. Lágholtsvegi við Framnesveg.
6. Granaskjólí og húsagötu Frostaskjólí við Frostaskjól.
7. Fjörugranda við Keilugranda.
8. Reynimel við Hagamel.
9. Reynimel og Grenimel við Espimel.

Einnig afnumið bann við bifreiðastöðum á Furumel að vestanverðu milli Hagamels og Víðimels.

Ákvörðun þessi tekur gildi 8. maí 1991.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. apríl 1991.

Böðvar Bragason.